

KENNSLUHUGMYNDIR MEÐ GÁSAGÁTUNNI

Um bókina

Gásagátan er söguleg skáldsaga eftir Brynhildi Þórarinsdóttur. Sagan gerist árið 1222, í upphafi Sturlungaaldar þegar hefndin er enn lykilhugtak í íslensku samfélagi þótt landsmenn séu orðnir kapólskir og kirkjuræknir. Gásagátan segir frá bræðrunum Kolsveini og Kálfi, ungum Grímseyingum sem koma til verslunarstaðarins Gása í mikilvægum erindagjörðum. Strákarnir eiga harma að hefna eftir föður sinn en þeir ætla sér líka að verða ríkir og þar kemur dularfullur kassi við sögu. Á Gásum kynnast bræðurnir krökkum sem síðar verða þekktir þátttakendur í róstum Sturlungaaldar. Þeir hitta líka frægt fólk eins og Snorra Sturluson, Guðmund biskup Arason og Sighvat á Grund.

Gásagátan varð til í samstarfi við sjálfseignarstofnunina Gásakaupstað ses. sem hefur veg og vanda að uppbyggingu sögutengdrar ferðaþjónustu að Gásum við Eyjafjörð. Minjasafnið á Akureyri kom einnig að verkefninu en bókin kom fyrst út hjá Máli og menningu haustið 2009. Bókin hlaut styrk frá Menningarráði Eyþings. Markmiðið með ritun bókarinnar var að opna börnum dyr að merkilegu tímabili í Íslandssögunni gegnum þeirra eigin menningu. Gásagátan er þó ekki bara hugsuð sem kennslubók heldur var alltaf haft að leiðarljósi að skapa fyrst og fremst spennandi, skemmtilega og áhugaverða sögu sem hvetti börn til lestrar.

Um höfundinn

Brynhildur Þórarinsdóttir er rithöfundur og lektor í barnabókmenntum við Háskólann á Akureyri. Gásagátan er áttunda barnabók hennar en áður hafa komið út eftir hana Lúsastríðið (2002), Njála (2002), Leynardómur ljónsins (2004), Egla (2004), Laxdæla (2006), Nonni og Selma – fjör í fyrsta bekk (2007) og Nonni og Selma – fjör í fríinu (2008). Brynhildur hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir bækur sínar, ekki síst endursagnir sínar á Íslendingasögunum Njálu, Eglu og Laxdælu, en fyrir þær hlaut hún norrænu barnabókaverðlaunin 2007. Hún hlaut íslensku barnabókaverðlaunin 2004 fyrir spennusöguna Leynardóm ljónsins.

Um sögutímann

Gásagátan gerist árið 1222. Sturlungaöldin er nýhafin og ýmsir vofeiflegir atburðir hafa átt sér stað á Íslandi. Valdabarátta höfðingjaætta landsins er að hefjast en baráttan kirkjunnar og höfðingjanna er í hámarki. Guðmundur Arason Hólabiskup og Skagfirðingar hafa til dæmis staðið í blóðugum átökum. Alverstu bardagar Sturlungaaldar eru þó eftir. Þetta er árið sem Snorri Sturluson er gerður að lögsögumanni í annað sinn, hann er orðinn lénsmaður Noregskonungs og er voldugasti og jafnframt einn ríkasti maður landsins. 1222 taka deilur Gvendar biskups og norðlenskra höfðingja líka á sig nýja mynd. Biskupsliðið hefur drepið Tuma Sighvatsson – son Sighvats á Grund sem er helsti höfðingi Eyjafjarðar. Biskupinn flýr með lið sitt út í Grímsey um páskana en Sighvatur og fleiri sigla þangað með vopnað 300 manna lið. Þar kemur til hörkuátaka. Um sumarið er biskupinn síðan sendur utan frá Gásum. Þessir atburðir blandast inn í Gásagátuna enda eru söguhetjurnar Grímseyingar sem misstu

föður sinn í átökunum í eyjunni. Árið 1222 er Evrópa orðin kristin en kristninni fylgir ekki bara friður og fyrirgefning eins og stundum er stillt upp sem andstæðum heiðninnar. Páfinn í Róm, sem er æðsti yfirmaður kirkjunnar, stendur í blóðugum krossferðum til Jórsala (Jerúsalem) og blóðhefnd er enn ríkjandi. Á Íslandi er blóðhefndin ekki formlega afnumin fyrr en lögbókin Járnsíða tekur við af Þjóðveldislögunum 1271.

Um kennslu bókarinnar

Gásagátan var skrifuð með samþættingu íslensku og samfélagsfræði á miðstigi í huga. Auk þess er tilvalið að tengja hana skapandi greinum eins og myndmennt, textílmennt og smíðum. Þá blasir við að vefleiðangrar verða stór hluti námsins þar sem stöðugt er verið að vísa í sögulega atburði, persónur og fleira sem heilmiklar upplýsingar eru til um. Stór hluti kennsluhugmyndanna gengur því út á að virkja ímyndunarafli barnanna og hvetja þau til að afla sér frekari upplýsinga. Hér er því byggt á hugmyndum hugsmíðahyggjunnar og kennslufræði leitarnáms, samvinnunáms og sjálfstæðra skapandi viðfangsefna. Gengið er út frá því að nemendur byggja ofan á eigin þekkingu og reynslu, og að kennarinn sé leiðbeinandi fremur en að hann boði hinn eina sannleika. Kennsluhugmyndirnar eru skrifaðar þannig að kennarar geti valið það úr sem hentar hverju sinni, notað sumt sem verkefni handa nemendum en annað til umræðna í kennslustundum. Síður er mælt með því að þær séu prentaðar út í heilu lagi handa nemendum. Verkefni eru mörg og leiðbeiningarnar ítarlegar, slíkur verkefnabúki gæti hreinleg orðið til þess að nemendum féllust hendur.

Kennsluleiðbeiningarnar miða að því að virkja lestrarvenjur barna til að gefa þeim innsýn í tiltekið tímabil Íslandssögunnar. Innlifun og samsömun einkennir lestur barna á grunnskólaaldri og því er tilvalið að nota barnabækur til að kynna þeim framandi heima. Þannig geta bókmenntir stutt börn til þroska, kennt þeim að setja sig í spor annarra, tjá sig og virða skoðanir annarra. „Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda, kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og trúarhópa.“ (Aðalnámskrá, íslenska 2006). Bæði bókmenntakennsla og samfélagsfræði byggja á því að börn fái að upplifa og túlka lesefnið. Kennslan þarf því að byggjast á ýmiss konar tjáningu, skriflegri, munnlegri og myndrænni. Gott er að hafa námskrána í samfélagsgreinum til hliðsjónar en þar stendur: „Aðferðir samfélagsgreina eru samræða og frásögn, leikur, söngur og myndvinnu, upplýsingaöflun og vettvangskannanir og ritað mál, eftir því sem kunnáttu og þroska fleygir fram. Ævintýri og sögur geta verið neisti sem kveikir umræðu og vekur til umhugsunar um mannfélag, staðhætti og mismunandi tímaskeið.“ (Aðalnámskrá, samfélagsgreinar 2006)

Í áfangamarkmiðum í sögu við lok 7. bekkjar er mikilvægi miðalda undirstrikað. Þar er bæði fjallað um víkingatímamann (8.-10. öld), þ.e. sögutíma Íslendingasagnanna og ritunartíma þeirra, þ.e. 12.-13. öld þegar völdugir miðaldahöfðingjar tókust á. Gásagátan tengist síðara tímabilinu. Um það segir í aðalnámskrá samfélagsgreina (2006) að nemandinn eigi að geta skoðað íslenskt miðaldasamfélag í ljósi kunnugs einstaklings, t.d. Snorra Sturlusonar, Guðmundar biskups góða eða Guðríðar Þorbjarnardóttur. Nemandinn á jafnframt að hafa mynd af og þekkingu á nokkrum menningar- og félagsþáttum íslensks samfélags á hámiðöldum, t.d. bernskuskilyrðum, stöðu kynja, heimilislífi og/eða stjórnskipun. Gásagátan tekur mið af þessum ákvæðum námskrárinnar en setur börn í öndvegi þannig að sjónarhornið er þeirra. Þannig koma margar lykilpersónur Sturlungaaldar fyrir sem börn í

bókinni. Sturla Þórðarson sagnaritari gegnir til dæmis veigamiklu hlutverki, 8 ára gamall. Snorri Sturluson og Guðmundur biskup Arason koma líka við sögu. Lýsingar á daglegu lífi söguhetjanna að Gásam, klæðnaði, mataræði, trúarlífi og almennum samskiptum gefa börnunum innsýn í horfinn heim án þess að um beina kennslu sé að ræða.

HUGMYNDIR AÐ VERKEFNUM

1. kafli

Skoðið söguviðið á landakorti. Hvar eru Gásir? Hvar er Grímsey?

Aðrir norðlenskir staðir sem koma við sögu eru Grund í Eyjafirði, Munka-Þverá og Hólar í Hjaltadal. Hvar eru þessir staðir og hvernig haldið þið að fólk hafi ferðast þaðan til Gása á miðöldum?

Leitið upplýsinga á internetinu: Hvað er á þessum stöðum núna? Er þar t.d. enn byggð?

Staðháttum er lýst nokkuð nákvæmlega. Myndskreytið.

Hvað gæti verið í kassanum dularfulla sem bræðurnir fela undir vaðmálsdúk í skipinu?

2. kafli

Hér er drengjunum lýst nákvæmlega. Tilvalið er að hver nemandi geri sinn strák eða strákapar og klippi út.

Veltið fyrir ykkur hversu ólíkir strákarnir verða þrátt fyrir að útliti þeirra sé býsna nákvæmlega lýst. Þetta leiðir hugann að því hvernig ritaðar mannlýsingar frá miðöldum koma í stað ljósmynda. Hverju breytir það að geta séð persónurnar á ljósmynd eða kvikmynd?

Þetta leiðir líka hugann að því hvernig bókmenntir varðveittu Íslandssöguna þar til önnur tækni kom til skjalanna. Sögur varðveittust í munnlegri geymd þar til Íslendingar tóku að rita bækur eftir að kristni var lögtekin á landinu. Þeir voru búnir að ná mikilli færni í sagnaritun á 12. og 13. öld.

Nemendur setja sig í spor miðaldasagnaritara. Þeir þurfa að nota ritmálið til að lýsa vinum sínum nógu vel til að aðrir geti dregið upp mynd af þeim. Hver nemandi dregur miða með nafni bekkjarfélaga og á að lýsa honum með orðum. Lýsingunni er síðan dreift nafnlausri til annars nemanda sem á að teikna viðkomandi. Myndirnar eru hengdar upp ásamt lýsingunum. Getu krakkarnir í bekknum (eða aðrir nemendur) fundið út hver er hver?

Hugleiðið orðið tjaldbúð. Hvernig tengist það orðinu búð sem við notum núna? Hvernig breytist merking orða á löngum tíma? Eða hefur merking orðsins kannski ekkert breyst?

3. kafli

Kolsveinn og Kálfur fá vinnu við vaðmálsburð. Hvernig var að þurfa að vinna fyrir sér 10-12 ára? Hvernig væri líf ykkar ef þið þyrftuð að leita að vinnu á hverjum degi?

Kálfur fær að skoða í bókakistu munkanna. Hvernig litu bækur út á þessum tíma? Úr hvernig efni voru þær? Hvernig væri skólastarfið núna ef allar bækurnar væru svona, það er ef enginn pappír væri til og ekki væri búið að finna upp prenttæknina?

Kálfur veit margt þótt hann kunni ekki að lesa. Foreldrar hans kunnu heldur ekki að lesa. Hvernig lærðu krakkar eins og Kálfur alla þessa hluti ef þeir sjálfir og enginn í kringum þá kunni að lesa?

Hvaða máli skiptir að kunna að lesa nú til dags?

Hvað eru *credo* og *pater noster* sem Kálfur kann? Finnið þetta á internetinu. Getiði fundið íslensku gerðina líka?

Hesturinn sem nefndur er hér kallast Hrímfaxi. Hvers vegna haldið þið að eigandinn hafi valið það nafn? Eru nöfn dýra frábrugðin mannanöfnum? Geta menn heitið dýranöfnum? Hugið til dæmis um nafnið Kálfur sem var gott og gilt nafn á miðöldum. Af hverju heitir enginn Kálfur núna?

Sturla Þórðarson sem hér birtist á eftir að verða frægur karl á Sturlungaöld. Hvað vitiði um hann? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

Gissur Þorvaldsson sem hér kemur við sögu sem unglingur verður líka mjög frægur. Hver var hann? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

Hver var Ólafur helgi Haraldsson sem hér er minnst á? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

Hér er minnst á nokkrar tjaldbúðir svo sem Ásbirninga og Sturlunga. Hverjar voru helstu ættirnar í landinu á 13. öld? Hvar á landinu var hver þeirra? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

4. kafli

Hver var Guðný amma Sturlu Þórðarsonar sem hér kemur við sögu? Hvernig tengist hún Snorra Sturlusyni? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

Hver er Þórður kakali sem hér kemur við sögu? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

Hverjir voru Kolbeinn Tumason og Tumi Sighvatsson sem minnst er á í kaflinum? Hvernig tengjast þeir deilum Guðmundar biskups Arasonar við Norðlendinga? Leitið upplýsinga á netinu og í bókum.

Sturla segist kunna kvæði Kolbeins Tumasonar, Heyr himna smiður. Þetta helgikvæði er enn í dag sungið í kirkjum, einkum við jarðarfarir. Auðvelt er að finna kvæðið á netinu eða í sálmaþókum og til eru margar upptökur þar sem það er sungið. Hlustið á kvæðið og lesið það. Hvaða tilfinningar vekur það hjá ykkur? Sálminn í heild má finna hér: http://www.utfor.is/salmaskra/heyr_himna_smidir.htm

Hér er minnst á fjórar íþróttagreinar, knattleik, skák, kotru og ljóðagerð. Er þetta allt talið til íþróttanna núna? Hvers vegna hefur skilgreiningin breyst? Er til dæmis mikill munur á því að botna ljóð og tefla skák? Hverjar af þessum íþróttum kunnið þið?

Kálfur og Sturla tefla hneftafl sem er gamalt víkingaspil. Hægt að kaupa endurgerð af þessu spili í búðum en það er líka hægt að búa það til. Ekki er vitað nákvæmlega hvernig leikreglurnar voru en giskað hefur verið á að þær hafi verið svipaðar þessum: Spilaborðið er ferningslaga, 11 reitir á hverja hlið. Í svarta liðinu eru 24 peð en 12 í því hvíta auk hvíts kóngs. Kóngurinn er settur á miðjureitinn en hvítu peðunum raðað í kringum hann, 8 þétt upp við hann en einu út frá miðju hvernir raðar í kringum hann. Svörtu peðunum er raðað á hverja úthlið leikborðsins þannig að 5 peð standa mitt á milli hornanna en eitt er fyrir ofan miðjupeðin í hverri röð. Peðin hreyfast eins og hrókar í skák, þ.e. einungis beint upp eða til hliðar, þau geta hvorki farið á ská né hoppað yfir menn. Þau geta hins vegar farið eins marga reiti í þessar áttir og menn vilja. Aðeins kóngurinn má snerta reitina í hornunum fjórum og aðeins kóngurinn má standa á miðjureitnum. Peðin mega þó hlaupa yfir miðjureitinn. Leikurinn gengur út á að sækja að kónginum og verja hann. Um leið reyna leikmennirnir að losna við peð andstæðingsins. Það gera þeir með því að klemma peð hans á milli tveggja eigin peða. Ef svört peð eru báðum megin við hvítt á að taka það hvíta af borðinu, og ef hvít peð eru beggja vegna svarts peðs á að taka það svarta í burtu. Hornreitirnir gilda sem hvítir reitir, þ.e. hægt er að losna við svart peð ef það er lokað inni milli hornreits og hvíts peðs. Hvíta liðið vinnur ef kóngurinn kemst á hornreit en svarta liðið vinnur ef því tekst að umkringja kónginn með svörtum peðum á fjóra vegu.

Nú er tilvalið að byrja undirbúning fyrir knattleiksmót. Ekki er vitað nákvæmlega hvernig leikið var en gert er ráð fyrir að leikurinn hafi verið eins og samblandi af hokkí og hafnabolta. Í samstarfi við smíðakennara mætti gera kylfur en veltið fyrir ykkur hvernig knöttur er gerður. Ef til vill úr tágum, leðri eða tré. Í Gásagátunni er gert ráð fyrir að leikið hafi verið í 6 manna liðum en það er ekki heilög tala.

Kálfur fær skyr að drekka hjá ömmu Guðnýju. Hvað segir það okkur um hvernig skyr var notað á miðöldum? Hvernig er skyr framreitt núna?

Í kaflanum er vikið að verkaskiptingu kynjanna og muninum á kröfunum sem gerðar eru til unglingsstúlkna og unglingspíla. Hvað finnst ykkur um það að Ingibjörg Snorradóttir er send út að þvo þvott en Þórður frændi hennar fær að leika sér í knattleik? Hvers vegna eru hlutverk þeirra svona ólík? Hefur þetta breyst?

„Einhvers staðar verða vondir að vera,“ segir Sturla spekingslega þegar rætt er um illmennin í liði Guðmundar biskups. Þessi orð eru í raun sótt í fræga frásögn af biskupnum sem kallast „Vígð Drangey“. Söguna má finna hérna: <http://www.snerpa.is/net/thjod/drang.htm>.

5. kafli

Sighvatur á Grund er helsti höfðingi Norðlendinga um þetta leyti. Hvað getiði fundið um hann í öðrum heimildum? Sláið til dæmis inn leitarorðið „Örlygsstaðabardagi“. Hvernig var Sighvatur skyldur Snorra Sturlusyni?

Í þessum kafla kemur Guðmundur biskup Arason mikið við sögu, eða Gvendur góði. Hann var biskup á Hólum og átti í deilum við höfðingjana Norðanlands. Aftast í Gásagátunni eru ýmsar upplýsingar um Guðmund Arason. Getiði bætt einhverju við úr öðrum heimildum? Sláið til dæmis inn leitarorðið „Víðinesbardagi“.

Hvað finnst ykkur um Guðmund góða? Hvað finnst ykkur um að allir áttu skjól hjá Guðmundi, hvort sem þeir voru fátækir eða skúrkar? Hvað finnst ykkur um bardagana sem biskupsmenn stóðu í?

Biskupar á miðöldum áttu sérstakan göngustaf sem kallaðist bagall og uppháa húfu sem kölluð var mítur. Þetta voru embættistákn biskupanna. Allir biskupar áttu líka kross sem þeir báru um hálsinn og biskupshring sem þeir höfðu á fingri. Þessir gripir gátu verið mjög glæsilega skreyttir og hringurinn var gjarnan gullhringur með verðmætum eðalsteini. Hvað segir þetta um ríkidæmi kirkjunnar?

Kapólskir biskupar bera enn mítur og sumir lútersku biskuparnir á Íslandi hafa gert það. Hér má sjá mynd af bagal og mítri úr gömlu handriti. Notið myndina til að hanna ykkar eigin bagal og mítur: <http://www.handritinheima.is/juni2002/html/43.htm>

Mítur er hvorugkynsorð, eintala. Hvernig beygist orðið?

„Dominus vobiscum,“ syngur biskupinn. Hann blessar fólkið sem sagt á latínu sem var tungumál kirkjunnar alls staðar í Evrópu. Hvaða máli skiptir það á hvaða tungumáli prestar og biskupar messa? Haldiði að allir hafi skilið latínu? Hafði latínan eitthvert annað gildi? Hvaða tungumál haldiði til dæmis að Guðmundur biskup hafi talað þegar hann ferðaðist um Evrópu?

Þórður kakali er mjög spenntur fyrir því að Kolsveinn ætli að hefna föður síns. Það minnir okkur á að hefndarhugsjónin er hvergi horfin þótt Íslendingar séu orðnir kristnir á 13. öld. Blóðhefndin er enn við lýði. Hvernig leysa menn svona mál í dag? Hvað ráð hefði Kolsveinn önnur en að hefna?

Kolsveinn er orðinn fullorðinn og telst fær um að hefna föður síns. Hann er samt bara 12 ára. Hvenær verða krakkar fullorðnir núna? Við hvað er miðað? Hvort finnst ykkur betra?

6. kafli

Hér er í fyrsta sinn minnst á munkana að Munka-Þverá. Þar var rekið merkilegt klaustur á miðöldum. Aflið ykkur upplýsinga um klaustrið á netinu eða í öðrum heimildum. Hvað er að Munkaþverá núna?

Hvar á landinu er Munkaþverárstræti? Eru fleiri götur í þeim bæ sem tengjast miðöldum?

Hér er líka minnst á bræður frá Hrafnagili. Hvar er Hrafnagil og hvað er þar núna?

Hér er gert ráð fyrir að menn hafi getað orðið atvinnumenn í knattleik og spilað fyrir fé og frægð í útlöndum. Við vitum ekki hvort það var hægt en hér er auðvitað vísað í atvinnumenn í fótbolta á okkar tímum. Hvernig ætli líf atvinnuknattleikjakappa hafi verið á 13. öld?

Hvernig yrði knattleikskeppninni lýst í útvarpinu eða sjónvarpinu?

7. kafli

Merkilegur maður heimsækir Kálf í draumi. Í gömlum helgisögum og biskupasögum er heilögum mönnum gjarnan lýst eins og í þessum kafla, það stafar af þeim birtu og sætum ilmi og röddin er yndisleg. Hér er sótt í sögu Jóns Ögmundssonar sem var biskup á Hólum 1106-1121. Jón er eins konar verndari Kálfs í sögunni.

Íslendingar vildu gera Jón að dýrlingi og því voru bein hans grafinn upp 3. mars 1198. Einn af þeim sem var viðstaddur var Guðmundur Arason sem þá var prestur í Skagafirði. Hvernig ætli svona beinaupptaka hafi farið fram? Þið getið fundið ýmsar upplýsingar á netinu, til dæmis með því að leita eftir dagsetningunni eða leitarorðunum bein Jóns Ögmundssonar

Eitt af því sem Jón Ögmundsson beitti sér fyrir var að afnema öll ummerki um heiðni. Hann lét til dæmis breyta dagaheitunum í þau sem við nú þekkjum. Þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur og föstudagur voru áður nefndir eftir heiðnum goðum. Hvað hétu þessir dagar áður en Jón breytti nöfnunum? Hvað vitiði um æsina sem dagarnir voru áður nefndir eftir?

Hvað heita þessir dagar á dönsku? En ensku? Hvort eru útlensku dagaheitin líkari gömlu íslensku dagaheitunum eða þeim nýju?

Hér er er sagt frá því að Snorri Sturluson hafi farið mjög ungur í fóstur, bara þriggja ára gamall. Frá þeim aldri var hann fósturaður hjá höfðingjanum Jóni Loftssyni sem bjó að Odda á Rangárvöllum. Þetta var algengt fyrirkomulag á miðöldum, foreldrum barnanna var sýndur mikill heiður með því að bjóða þeim fóstur og börnin fengu jafnvel menntun sem þau hefðu ekki annars átt kost á.

Veltið hugmyndinni um fóstur fyrir ykkur. Hvernig haldið þið að börnum hafi liðið að fara í fóstur svona ung? Hvernig haldið þið að foreldrunum hafi liðið? Haldið þið að það hafi verið auðvelt að heimsækja börnin á þessum tíma, jafnvel milli landshluta?

Hvaða upplýsingar getið þið fundið um Jón Loftsson í Odda?

Hvaða upplýsingar getið þið fundið um Odda á Rangárvöllum á miðöldum?

Hvað kallaðist höfðingjaættin sem tengdist Odda?

Kálfur og Sturla leika víkinga en langar þá til að vera víkingar í raun og veru? Hvers vegna eða hvers vegna ekki? Mynduð þið vilja lifa í heimi þar sem víkingar réðu ríkjum?

8. kafli

Þessi kafli er um fálkaveiðar Kolsveins. Hvernig fugl er fálkinn? Á hverju lifir hann, hvar býr hann? Aflið upplýsinga um fálka og teiknið mynd af fálka í réttum litum.

Hvernig haldið þið að erlendu konungarnir hafi notað fálkana sem þeir keyptu af Íslendingum?

Ef við gerum ráð fyrir að fálkarnir hafi verið látnir veiða til að skemmta konungunum, hvað segir það okkur um líf kóngafólkins á miðöldum? Hvað annað ætli kóngafólkið hafi gert til að skemmta sér?

Kolsveinn vill kaupa sverð en Kálfur vill fara í skóla fyrir peningana sem fálkinn gæti fært þeim. Hvað segir þetta okkur um muninn á bræðrunum?

Þegar Sturla og Kálfur ræða um armhringina vill Kálfur skreyta sinn með krossi. Hvers vegna? – Hvað ætlar hann að verða þegar hann verður stór?

9. kafli

Skoðið lýsinguna á varningnum sem Norðmennirnir (Austmennirnir) eru að selja. Hvaða vörur keyptu Íslendingar af Norðmönnum á þessum tíma? Hvað keyptu Norðmennirnir af Íslendingum? Upplýsingar er m.a. að finna í aukaefninu aftast í bókinni.

„Heilagur Marteinn!“ hrópar Vésteinn munkur. Hver var heilagur Marteinn? Skoðið umfjöllunina um dýrtinga aftast í bókinni.

Hvað vitum við um tjöldin á Gásum út frá þessum kafla? Hvað settu menn til dæmis á gólfið? Hvernig voru „rúmin“?

Eyjólfi arnarnefi er lýst hérna, teiknið mynd af karlinum út frá þessari lýsingu. Setjið allar myndirnar saman á vegg í stofunni. Hvað finnst ykkur um myndasafnið, er augljóst að þessi maður er illmenni? Sér maður það á fólki hvernig það er innrætt?

10. kafli

Notið orðabók til að finna svörin ef þið þekkið ekki þessi orð. Hvað eru: Maríutjásur? Sætukoppar? Hvað merkir að vera lemstraður?

„Það eru ýmis vopn hér að Gásum,“ segir Þórður. Hvers konar vopn gætu hafa verið á staðnum?

Sverðum og öðrum vopnum foru gefin nöfn sem áttu að lýsa því hversu öflug þau væru. Hvernig vopn haldið þið að Brynjubítur hafi verið? Hvað gat það gert?

Þekkið þið önnur nöfn á vopnum frá Sturlungaöld eða víkingatímanum?

Hvað með sverðið Fótbit í Laxdælu eða öxina Rimmugýgi í Njálu, hvað merkja nöfn þeirra? Þið þurfið að slíta orðið Rimmugýgur í sundur til að finna merkinguna í orðabók, það er samsett úr orðhlutum rimma og gýgur.

Hvað mynduð þið kalla ykkar vopn? Safnið saman hugmyndum í bekknum. Um að gera að búa til nýyrði og nýjar samsetningar.

„Það er heldur ekki kvennaverki að drepa mann,“ segir Þórður. En verk hverra er að drepa mann? Er það frekar verk fyrir 12 ára stráka? Hvað finnst ykkur?

Hver voru kvennaverki og hver voru karlaverki á þessum tíma? Hefur þetta breyst? Er til eitthvað í dag sem er sérstaklega kvennaverki eða karlaverki?

11. kafli

Guðmundur Arason biskup er hér í forgrunni. Í gömlum sögum er sagt frá mörgum kraftaverkum hans sem líkjast lækningu stúlkunnar í kaflanum. Eru til einhverjir kraftaverkamenn í dag? Hvers konar kraftaverk væri æskilegt að geta gert?

Aftur kemur Jón Ögmundsson við sögu en Guðmundur biskup varðveitir bein úr honum. Beinið úr Jóni er eins konar töfragripur. Rifjið upp söguna um beinaupptökuna sem tengist 7. kafla bókarinnar. Hér mætti búa til teiknimyndasögu eða smásögu um „töfrabeinið“.

Leitið í orðabók eða á netinu: Hvað er guðslíkamahús? Hvað er obláta?

Teiknið eða mótið gripi Guðmundar biskups, guðslíkamahúsið, biskupshringinn og gamla beinið.

Á þessum tíma voru Íslendingar kaþólskir. Kaþólska trúin er að sumu leyti frábrugðin „lúterstrúnni“ sem flestir Íslendingar tilheyra núna. Í kaþólskum kirkjum er til dæmis meira um dulúð og helgigripi eða hreinlega töfra og leyndardóma. Leitið upplýsinga á netinu: Hvar eru kaþólskar kirkjur á Íslandi núna? Hver er biskup kaþólskra á Íslandi? Upplýsingar má finna á <http://www.catholica.is>

Kaþólskan er langútbreiddasta grein kristninnar. Skoðið landakortið og leitið upplýsinga á netinu eða í bókum: Hvar í heiminum er helst að finna kaþólsk lönd?

Í kaþólsku trúnni er fjöldinn allur af dýrlingum. Skoðið dýrlingatalið á síðu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, hvaða dýrlingur tengist afmælisdeginum þínum? Sjá: <http://www.catholica.is/tres2.html>

Lesið aukaefnið aftast í bókinni, sérstaklega það sem skrifað er um dýrlinga. Getiði fundið upplýsingar á netinu um eftirtalda dýrlinga: Þorlák helga Þórhallsson, Ólaf helga Haraldsson, heilaga Barböru, heilagan Patrek.

12. kafli

Hér stendur að kristnir menn borði ekki kjöt á föstudögum. Það var kallað að fasta. Lengsti tíminn sem menn föstuðu var langafastan. Hvenær er langafasta og hversu löng er hún? Á hvaða degi hefst langafastan? Svar: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=4855>

Hvað merkir „að kemba hærurnar“?

13. kafli

Þessi kafli er um Snorra Sturluson sem er á leið til Þingvalla þar sem hann verður gerður að lögsögumanni í annað sinn. Hvert var hlutverk lögsögumanna?

Hvað vitiði um ævi Snorra Sturlusonar? Hér er hægt að skoða margar heimildir, bæði bækur og netið. Skemmtilega er sagt frá ævi Snorra í bókinni Snorra saga eftir Þórarin Eldjárn.

Hver eru þekktustu ritverk Snorra Sturlusonar?

Hvar var Alþingi og hvað fór þar fram?

Ingibjörg Snorradóttir er aðeins 14 ára en samt er Snorri faðir hennar farinn að huga að því að gifta hana. Hvað finnst ykkur um þennan giftingaraldur? – Eða hvernig hjónabönd voru ákveðin? Hefur þetta breyst á Íslandi? Hugsið um aðra heimshluta, er staðan alls staðar breytt?

Í raun á Ingibjörg eftir að giftast Gissuri Þorvaldssyni eins og Snorri veltir fyrir sér í þessum kafla. Hvaða upplýsingar getið þið fundið um Gissur?

Snorri byrjar að segja söguna um Óðin og skáldskaparmjóðinn. Finnið söguna og lesið. Síðan skuluð þið endursegja söguna í orðum eða myndum.

Hér stendur að Snorri vilji skrásetja gömlu ásatrúna áður en hún gleymist. Hann skrifaði einmitt bók um gömlu ásatrúna. Hvaða bók er það?

14. kafli

Þessi kafli gerist í kirkjunni að Gásum. Gott er að vera búin að vinna verkefni 11. kafla, um kaþólska trú. Þessi kafli hentar vel til samþættingar með myndlistarkennslu.

Hér er kirkjunni lýst að innan en í raun er ekkert vitað hvernig hún var. Lýsingin er dregin saman úr mörgum kirkjulýsingum frá miðöldum og svipaða helgigripri má finna á Þjóðminjasafninu. Þar er til dæmis Ufsakristur <http://www.natmus.is/syningar/grunnsyningar/lykilgripir/nr/2287>. Skoðið Ufsakrist og teiknið hann. Athugið að hann var örugglega fallega málaður í mörgum litum þótt þeir séu horfnir.

Skoðið líka myndir af íkonum. Þetta eru helgimyndir sem málaðar voru á tréplötur. Búið til ykkar eigin íkon með mynd af dýrlingi, til dæmis Maríu mey með Jesúbarnið eða Páli postula. Notið sams konar liti og gamlir íkonar voru málaðir með, menn voru til dæmis mjög hrifnir af gylltri málningu.

Altarisbríkin er máluð í gullnum og rauðum litum. Á henni er mynd af heilögum Nikulásí, dýrlingi sæfarenda og ferðamanna. Bríkin er flöt spýta, hugsanlega útskorin og mjög skrautleg. Þessa brík má hæglega búa til í smíðum og myndmennt.

Allar messur voru sungnar á latínu. Hægt er að hlusta á gömul helgikvæði frá miðöldum sem gefa hugmynd um tónlist þessa tíma. Sönghópurinn Voces Thules gaf til dæmis út Þorlákstíðir árið 2006.

15. kafli

Skoðið lýsinguna á klæðnaði Austmannanna, þeim er lýst sem miklum spjátrungum í evrópskum hátískufötum. Teiknið mynd af þeim í réttum litum.

Hér kemur fram að tungumál Íslendinga og Norðmanna eru farin að skiljast í sundur á 13. öld. Þegar Ísland byggðist var norræna töluð á Norðurlöndunum og víðar þar sem víkingar höfðu lagt undir sig landssvæði. Hún greindist í vestur-norrænu sem töluð var í Noregi og austur-norrænu sem töluð var í Svíþjóð og Danmörku. Flestir landnámsmennirnir komu frá Noregi og töluðu því vestur-norrænu. Á 12. öld var lítill munur á norænunni á Íslandi og í Noregi en hann jókst verulega á 13. öld og á 14. öld voru þetta í raun orðin tvö tungumál.

Norrænu málin þróuðust öll út frá frum-norrænu og enn eru norska, sænska, danska, íslenska og færeyska talsvert lík mál. Það gildir þó aðallega um ritmálið því framburðurinn eða talmálið er ólíkara.

Hvaða áhrif haldiði að það hafi haft að tungumál Norðurlandþjóðanna urðu ólíkari með tímanum? Breytti það til dæmis einhverju um möguleika fólks til að ferðast milli landa eða versla við aðrar þjóðir? Hvernig er staðan núna, hefur það áhrif á möguleika okkar að tungumálin eru ólík?

Á víkingaöld ferðuðust íslenskir kappar til Noregs og gerðust þar hirðskáld konungsins, það merkir að þeir unnu við að yrkja ljóð fyrir konunginn. Hvaða máli skipti sameiginlega norræna tungumálið í þessu?

Þrjú hundruð árum eftir að hirðskáldin sigldu milli landa skrifaði Snorri Sturluson sögur Noregskonunga í Heimskringlu og dvaldi langdvölum meðal hirðarinnar í Noregi. Hvað segir það okkur um tungumálið? Var ritmálið enn skiljanlegt milli Noregs og Íslands?

16. kafli

Til fróðleiks: Hér kemur Kolbeinn ungi (Arnórsson) lítillaga við sögu sem 12 ára strákur. Varist að rugla honum við föðurbróður hans, Kolbein Tumason. Þeir eru báðir Skagfirðingar og höfðingjar Ásbirninga en nokkrir áratugir skilja þá að í tíma. Kolbeinn Tumason stóð í deilum við Guðmund Arason biskup. Hann orti eitt frægasta helgikvæði miðalda, *Heyr himna smiður*, áður en hann var felldur af mönnum biskupsins árið 1208. Sama ár og Kolbeinn Tumason lést fæddist Kolbeinn ungi. Hann stóð líka í deilum við biskupinn en þó fyrst og fremst við Sturlunga. Hann giftist Hallberu dóttur Snorra Sturlusonar en þau skildu. Gissur Þorvaldsson (sem einnig kemur við sögu í þessari bók) giftist annarri dóttur Snorra, Ingibjörgu. Þeirra hjónaband endaði einnig með skilnaði. Þeir Kolbeinn ungi og Gissur gerðu með sér bandalag og börðust við Sturlu Sighvatsson (kallaður Stulli í þessari bók) og föður hans, Sighvat á Grund, í Örlygsstaðabardaga 1238. Þar féllu bæði Sturla og Sighvatur. Eftir það var Kolbeinn ungi allsráðandi Norðanlands. Erfiðasti andstæðingur Kolbeins unga var Þórður kakali sem kemur talsvert við sögu í Gásagátunni. Þeir börðust til dæmis í Flóabardaga 1244. Kolbeinn ungi lést 1245 án þess að deilur hans við Sturlunga hefðu verið útkljáðar. Einkar athyglisvert er að Kolbeinn ungi og Gissur áttu þátt í (eða stóðu að) drápi Snorra Sturlusonar, fyrrverandi tengdaföður þeirra beggja, árið 1241.

Þórir eldsmiður er í öðru knattleikslíðinu. Í hverju fólst starf eldsmiða á miðöldum? Úr hvaða efnum smíðuðu þeir? Hvað haldið þið að eldsmiðirnir hafi helst smíðað?

Það voru ekki allir sem áttu jafn góð verkfæri og eldsmiðirnir á miðöldum. Þeir voru því stundum beðnir að sinna ótrúlegustu störfum sem kröfðust verkfæra. Allir eldsmiðir áttu til dæmis góða töng og þess vegna leitaði fólk til þeirra ef það var með tannpínu. Hvað finnst ykkur um þetta?

Ímyndið ykkur að þið séuð krakkar á miðöldum og þjáist af tannpínu. Þið þurfið að leita til járnsmiðsins og biðja hann að draga úr ykkur skemmdu tönnina. Hvernig fer þetta fram? Er til einhver deyfing? Prófið að leika þetta eða túlka í teiknimyndasögu.

„Oflof er háð,“ segir Þórður kakali og vitnar þar með í Snorra Sturluson frænda sinn. Snorri sagði að ekki væri hægt að ýkja þegar ort væri um afrek konunga því allir sem hlustuðu á kvæðin myndu þá

halda að verið væri að gera grín að kóngunum. Eruð þið sammála þessu? Er maður að gera grín ef maður hrósar einhverjum rosalega eða gerir ofboðslega mikið úr afrekum hans?

17. kafli

Lýsingin á sverðinu bendir til þess að þetta sé forngripur en ekki nothæft vopn. Þetta er gert til að minna á að langur tími er liðinn frá víkingaöldinni. Vopn víkinganna eru ekki endilega þau bestu lengur.

Teiknið mynd af sverði og flettið í orðabók. Merkið inn á myndina: Hvar eru hjöltu, oddur, egg og blað á sverðinu?

Finnið kyn og tölu orðanna hjöltu, egg og blað. Hvaða orð kemur á óvart hérna?

Í frægu ljóði sem heitir *Ferðalok* og er eftir Jónas Hallgrímsson segir: „Blað skilur bakka og egg“. Hugsu um merkingu orðanna hér á undan. Hvað haldið þið að setningin „blað skilur bakka og egg“ merki? (Blað er á milli bakka og eggjar).

Það er enginn bakki á sverði en egg er báðum megin á blaðinu. Hvaða hlutur er með egg öðrum megin á blaði en bakka (sléttan, óbeittan flöt) hinum megin? (hnífur)

Hvað merkir orðatiltækið „að berjast með oddi og egg“?

Hér kemur fram að Kolsveinn er elsti sonur föður síns og að þess vegna verði hann að hefna hans. Þótt samfélag víkingaaldar sé löngu liðið um þetta leyti er hefndarskyldan enn við lýði. Hvernig væri að búa í samfélagi þar sem hefndarskylda ríkir? Hvernig væri daglegt líf? Hvernig myndi strákunum í hópnum líða ef þeir þyrftu að bera vopn frá 12 ára aldri og vera tilbúnir að beita þeim? Hvað finnst stelpunum um þetta?

Haldið þið að einhvers staðar í heiminum þurfi börn enn í dag að bera vopn?

Rauði krossinn (www.redcross.is) er alþjóðleg stofnun sem berst fyrir mannréttindum. Rauði krossinn hefur gagnrýnt það harðlega að börn séu látin berjast. Það hafa Sameinuðu þjóðirnar líka gert. Árið 2001 benti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna á að börn gegndu hermennsku í að minnsta kosti 5 löndum heimsins, Lýberíu, Sómalíu, Lýðveldinu Kongó, Afganistan og Búrúndí. Hvar eru þessi lönd? Hvernig haldið þið að líf her-barnanna sé?

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að börn eigi rétt á að vera börn til 18 ára aldurs. Börn eigi að njóta verndar og þau megi ekki vinna hættulega vinnu. Í íslenskum lögum kemur einnig fram að fólk telst vera börn til 18 ára aldurs. Hver er munurinn á því að verða fullorðinn 12 ára og 18 ára?

18. kafli

Tjald bræðranna er úr vaðmáli. Hvers konar efni er það? Lesið upplýsingarnar aftast í bókinni.

Sniðugt er að leyfa krökkunum að handfjatla búta af ullarefni, hör, þæfðri ull og vaðmáli. Allt þetta kemur fyrir í sögunni, en nánari lýsingar á klæðnaði eru aftast í bókinni. Hægt er að gera ýmsar

tilraunir svo sem að láta „rigna“ á efnið. Hversu vel þoldi tjald bræðranna rigningu fyrst það var úr vaðmáli? Var til eitthvert regnhelt efni á þessum tíma?

Úr hvernig efni eru fötin ykkar? Hvað af þessum efnum var til á miðöldum?

Eigið þið mismunandi föt fyrir mismunandi veður? Hverju munar að eiga skó og stígvél fyrir ólíkt veðurfar? Hefur það til dæmis áhrif á heilsufarið?

Hesturinn Hrímfaxi og hundurinn Svartur koma við sögu í þessum kafla. Hrímfaxi er í raun „farartæki“ Kálfs. Hvað notið þið til að komast milli staða?

Reiðtygi hafa sennilega ekki breyst mikið síðan á miðöldum. Hvernig líta reiðtygi út?

Á einum stað er hesturinn kallaður „klár“. Hversu mörg orð yfir hest þekkið þið? Flettið í samheitaorðabók, hvaða orð finnið þið yfir hest?

Eru til jafnmörg orð sem merkja hundur?

19. kafli

Það er mikill hraði í köflum 19 og 20 og tilvalið að túlka þá í leikþætti, myndasögu eða velja/semja tónlist við þá.

Vopnin sem hér koma við sögu eru atgeir, buklari, sverð og öxi. Önnur vopn sem notuð voru á miðöldum eru til dæmis spjót og bogi og örvar. Öll þessi vopn þekkið þið örugglega, nema helst atgeirinn (sambland af spjóti og öxi) og buklarann (frekar lítill, kúptur skjöldur). Teiknið myndir af þessum tveimur vopnum. Þið finnið upplýsingar um þau á netinu eða í orðabók.

Sverð Kolsveins beyglast auðveldlega enda er það bæði gamalt og lúið. Auk þess er það örugglega úr mýrarrauða en ekki útlensku járn. Hvað er mýrarrauði og hvernig var járn unnið úr honum í gamladaga? Leitið upplýsinga aftast í bókinni og á netinu. Lýsingu á járnvinislunni má líka finna á bls. 12 í Eglu (barnagerð eftir Brynhildi Þórarinsdóttur).

Sverðið er frá víkingaöld og kemur úr Dölunum. Ef þið flettið í Laxdælu (barnagerð eftir Brynhildi Þórarinsdóttur) getið þið lesið um bardaga Kjartans Ólafssonar og Bolla Þorleikssonar. Þar er Kjartan með sverð sem beyglast auðveldlega.

20. kafli

Það er mikill hraði í köflum 19 og 20 og tilvalið að túlka þá í leikþætti, myndasögu eða velja/semja tónlist við þá.

Kálfur ákallar uppáhalds-dýrtingana sína þegar hann heldur að hann muni deyja. Þetta eru María mey, Jón Ögmundsson og Ólafur helgi. Teiknið myndir af þessum dýrtingum í þeim hlutverkum sem þeir eru þekktastir fyrir.

Draum-maðurinn birtist Kálfi og veitir honum styrk. Rifjið upp hver þessi maður er. Gæti þetta verið einhver vísbending um hvað Kálfur á eftir að verða þegar hann verður stór?

Kálfur sér draummanninn kasta sér á Eyjólf en hinir strákarnir sjá að það er Svartur sem ræðst á hann. Hvað haldið þið að hafi gerst?

Pater noster heyrst úr pokanum. Hvað er Pater noster? Hvernig hljómar það á íslensku?

Gvendur biskup hótar að bannfæra þann sem hleypti honum úr pokanum. Bannfæring var eitt það versta sem menn gátu hugsað sér á miðöldum. Þeir sem voru bannfærðir máttu ekki koma í kirkju og voru þar með að miklu leyti útilokaðir frá samfélaginu. Þeir þurftu að iðrast rækilega til að banninu yrði aflétt. Hvers vegna ætli þessi refsing hafi þótt svona voðaleg?

21. kafli

Biskupinn þeysist í burtu, fram hjá kaupstaðnum. Sturla segir að honum sé ekki óhætt þar. Af hverju er biskupnum ekki óhætt að Gásum?

Sturla segir að Sighvatur frændi sinn ráði öllu í Norðlendingafjórðungi. Hvernig skiptist landið í fjórðunga á þessum tíma? Rifjið upp hvaða ættir réðu mestu í hvaða landshluta.

Sturla situr fyrir utan tjaldið og nagar hvannarrót þegar Kálfur vaknar. Hverju haldið þið að krakkar hafi gætt sér á þegar ekkert sælgæti var til og ekkert snakk? Hvað getið þið fundið úti í náttúrunni sem er gott á bragðið?

Munkarnir stunda lækningar. Þeir búa til graut úr vallhumli til að leggja á sárin og fjallagrasaseyði (te úr fjallagrösum) sem styrkir sjúklingana. Þessar jurtir finnast víðast hvar um landið og tilvalið er að tína þær og prófa kraft þeirra í skólanum. Hvernig líta þessar jurtir út? Hvernig bragðast þær? Hvernig ilma þær? Hvernig er seyðið og grauturinn?

Hér er minnst á mikilvæg atriði sem kaþólskir menn hugsa um á dauðastundinni. Þeir verða að iðrast synda sinna og fá síðustu smurningu. Síðasta smurning er þegar prestur ber sérstaka olíu á sjúklinginn. Þessi smurning er hluti af „sakramentum“ kaþólsku kirkjunnar en önnur sakramenti eru til dæmis skírni, ferming og gifting.

Mariúbænin sem Kálfur fer með er ekki skálduð, heldur er þetta gömul bæn. Til eru margar fallegar Mariúbæninir og sálmar tileinkaðir Maríu mey. Sá þekktasti er líklega Ave María sem margir hafa heyrt sungna við kirkjulegar athafnir, bæði brúðkaup og jarðarfarir. Tvö lög eru þekktust við Ave María, annað eftir Bach og hitt eftir Sigvalda Kaldalóns. Um að gera að hlusta og njóta.

22. kafli

Fjár sjóðurinn er í brennidepli í upphafi kaflans. Teiknið mynd af fjár sjóðnum.

Hvaða gripir varðveitast öldum saman? Gætum við rekist á gamlan silfursjóð núna? Hvað er varðveitt á Þjóðminjasafninu af gripum frá þessum tíma?

Fálkinn er seldur fyrir tvö skipspláss til Noregs. Hvað hefðuð þið viljað fá fyrir fálkann?

Strákarnir njóta þess að rölta um í friði og ró í náttúrunni, þar er lyng og mosi, fjallabláklukkur og Maríulyklar. Hvernig er umhverfið á litin? Hvernig líta þessar plöntur út sem nefndar eru? Þið gætuð tínt þær og þurrkað eða teiknað.

Hér ræða Kálfur og Sturla um bardaga og trú. „Páfinn í Róm sendir riddarana sína til Jósala (Jerúsalem) að berjast,“ segir Sturla. Þessir bardagar eru þekktari sem „krossferðirnar“. Aflið ykkur upplýsinga um krossferðirnar á netinu eða í sögubókum.

„Áfram kristmenn krossmenn,“ hrópar Kálfur eins og Ólafur helgi. Þessi orð eru höfð eftir Ólafi helga í sögu hans sem Snorri Sturluson ritaði. Hann mælti þau í lokaorrustunni, rétt áður en hann var drepinn. „Áfram kristmenn krossmenn“ eru líka upphafslínurnar í ljóði sem oft er sungið í kristilegu barnastarfi í dag. Þar eru líka línurnar „fram í stríðið stefnið, sterki æskuher.“ Veltið fyrir ykkur hvernig orðaval úr stríði og bardögum litar tungumálið í dag þótt ekki sé barist í raun og veru. Hvaða dæmi finnið þið um stríðsorðalag þótt alls ekki sé um eiginlegt stríð að ræða?

23. kafli

Þessi kafli gerist á Jónsmessu. Við hvaða „Jón“ er dagurinn kenndur? Athugið að um er að ræða Jóhannes skírara en ekki Jón biskup Ögmundsson eins og margir halda. Nöfnin Jóhannes og Jón eru í raun tvær myndir af sama nafninu. <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=3532>

Hér eru lýsingar á fötum Kolsveins og nýjum skrautlegum kyrtli hans. Tilvalið að myndskreyta og vanda vel litavalið.

Hér er líka lýsing á ýmsu góðgæti sem sjúklingurinn fær að smakka. Hver haldið þið að munurinn hafi verið á mataræði Íslendinga og þeirra sem bjuggu sunnar í Evrópu á þessum tíma? Hvaða jurtir vaxa hér á landi sem nota má sem krydd? Gleymið samt ekki að til verslunarstaða eins og Gása voru fluttar alls kyns vörur utan úr heimi, meðal annars krydd eins og pipar og kanill. Hvaða matar mynduð þið sakna ef þið ættuð að lifa á 13. aldar fæði?

Kálfur eignast hér biskupshring sem Kolsveinn fékk frá Gvendi góða. Hringurinn er mikil gersemi, stór gullhringur með rauðum steini. Pennan hring má teikna eða hanna enda er hann mjög mikilvægur. Haldið þið að hringurinn geti verið fyrirboði um framtíð Kálfs? Getur hringurinn átt eftir að bjarga lífi hans eins og Kolsveinn segir? – Leggið drög að framhaldi sögunnar.

24. kafli

Kálfur og Sturla láta eins og Sighvatur á Grund hafi komið Gvendi biskup undan en í raun voru það þeir sem keyptu fyrir hann skipspláss. Hvers vegna láta strákarnir svona? Hvers vegna er mikilvægt fyrir Sighvat, höfðingjann mikla, að allir haldi að hann hafi ráðið þessu?

Hvað haldið þið að hefði gerst ef biskupinn hefði ekki komist um borð í skipið?

Í Sturlungu og annálum kemur fram að Gvendur biskup var sendur utan frá Gásum þetta sumar. Ekki er nákvæmlega sagt frá brottför hans. Búið til ykkar útgáfu af brottför biskupsins. Hver sendi hann úr landi og hvers vegna?

Kálfur hefur áhyggjur af Kolsveini. Hvað haldið þið að verði um hann?

Kálfur á að hjálpa munkunum að tína lyfjagrös. Hvaða jurtir sem vaxa hér á landi er hægt að nota til lækninga? Skoðið bækur eins og „Íslenskar lækningajurtir“ eftir Arnbjörgu L. Jóhannsdóttur.

Hvaða máli skipti á þessum tíma að þekkja jurtir og notagildi þeirra?

Kálfur hlakkar til að læra að lesa. Síðar mun hann læra önnur fög til að verða prestur, meðal annars málfræði, mælskufræði, stjörnufræði og flatarmálsfræði (stærðfræði). Auk þess þarf hann að auðvitað að læra söng og latínu en latínan var aðal tungumál kirkjunnar á þessum tíma. Málfræðin sem var kennd var til dæmis latnesk málfræði en ekki íslensk. Um nám á miðöldum má lesa hér: (http://www.handritinheima.is/handritid/skrifarar/mennt/vvm_me_namsgreinar.htm). Berið kennslugreinarnar saman við stundaskrána ykkar. Hver er helsti munurinn?

Verkefni við sögulok

Skrifleg verkefni sem reyna á innlifun, túlkun og tjáningu og krefjast svólitillar þekkingar á daglegu lífi á miðöldum.

Þú ert mamma Kolsveins og Kálfs og ennþá úti í Grímsey með yngri systkini þeirra. Strákarnir hafa verið í burtu í þrjár vikur. Hvernig gengur lífið í Grímsey? Hvernig líður þér? Hvernig gengur búskapurinn? Hefurðu fengið einhverjar fréttir af Kolsveini og Kálfi?

Þú ert Kolsveinn og skrifar Kálfi bróður þínum bréf. Þú hefur verið í útlöndum í marga mánuði og lent í ýmsum ævintýrum. Hvað hefur gerst síðan þið kvöddust að Gásum?

Þú ert Kálfur og hefur búið í klaustrinu að Munka-Þverá í nokkra mánuði. Þú skrifar mömmu þinni bréf þar sem þú lýsir dvölinni í klaustrinu. Hvað hefurðu lært? Hvernig er daglegt líf hjá þér?

Þú ert Sturla Þórðarson og þú saknar Kálfs vinar þíns. Þú ætlar að fá hann til að flytja til þín í Borgarfjörðinn. Þú sendir honum bréf og þarft að sannfæra hann um að honum muni líða vel hjá fjölskyldu þinni. Þú þarft bæði að sannfæra hann um að hann fái að læra meira og að dvölin í Borgarfirðinum verði ótrúlega skemmtileg.

Þú ert Guðmundur Arason Hólabiskup og staddur í Noregi. Þú sendir þínu fólki að Hólum bréf og lýsir dvölinni í Noregi. Hvað ertu að gera þarna og hvenær ætlarðu að koma heim? Hvað á fólkið þitt að gera meðan þú ert í útlöndum?

Þú ert norskur kaupmaður og þarft að senda eiganda skipsins sem þú komst á skýrslu um verslunarferðina til Íslands. Lýstu því fyrir honum hvað þú keyptir á Íslandi, hvað þér tókst að selja og hvernig þér leist á verslunarstaðinn Gásir. Mælirðu með því að skipseigandinn sendi skipið sitt í fleiri verslunarferðir til Gása?

Þú ert Ingibjörg Snorradóttir og þú ætlar að senda Gissuri Þorvaldssyni jólapakka. Þú hefur ekki hitt hann síðan á Gásum en þú ert mjög spennt fyrir að hitta hann aftur. Hvað sendirðu honum? Og hvernig leggurðu til að þið hittist aftur? (Veit Snorri Sturluson þabbi þinn að þú ert að senda þessa jólakveðju?).

Snúðu dæminu við, nú ertu Gissur Þorvaldsson og saknar Ingibjargar Snorradóttur sem þú hefur ekki hitt síðan á Gásum. Þig langar að hitta hana aftur. Hvað segirðu við hana og hvað leggurðu til að þið gerið?

Margmiðlun – verkefni sem reyna á sögulega þekkingu, innlifun, túlkun, tjáningu og tæknikunnáttu

Útvarp Gásir góðan dag! Bekkurinn rekur útvarpsstöð sem starfrækt er að Gásum. Hvað er á dagskrá þessa útvarps árið 1222? Hvers konar þættir? Hvað er auglýst í auglýsingatímanum? Hvað er í fréttum? Hér er best að skipta í hópa en vinna þarf fréttatíma, auglýsingar (lesnar og leiknar), stutta viðtalsþætti og fleira. Lokagerðin að Útvarpi Gásum gæti verið á heimasíðu bekkjarins. Hér þarf að huga að ýmsu og verkefnið krefst leitar á internetinu og þjálfunar á tölvur: Hvað þykir fólki frétt næmt árið 1222? Eru einhverjar uppfinningar eða merkir atburðir úti í heimi sem vert er að greina frá? Við hvern ætti að taka viðtal? Um hvað á að spyrja?

Séð og heyrt! Auðvitað er hægt að slúðra um fólkið á Gásum eins og fræga fólkið nú til dags. Kannski eignaðist einhver kærustu eða kærasta, kannski var einhver í sérlega glæsilegum fötum eða hélt óvenju flotta veislu. Úrvinnslan er stuttar, myndskreyttar fréttir sem reyna á ímyndunaraflíð – og fyrirsagnirnar eru auðvitað stuðlaðar.

Gásablogg bræðranna. Kálfur og Kolsveinn blogga daglega um dvöl sína á Gásum. Nemendur skiptast á um að skrifa fyrir þeirra hönd. Hugsa þarf að því að bræðurnir eru ólíkir og tjá sig þar af leiðandi á ólíkan hátt. Kolsveinn er til dæmis mun dulari en Kálfur. Tilvalið að nota tækifærið og ræða stílfræði á einfaldan hátt.